

## MINNISBLAÐ

**Til:** Efnahags- og viðskiptanefnd

**Frá:** Bryndísi Kristjánsdóttur, skattrannsóknarstjóra

**Efni:** Mögulegar lagabreytingar vegna aflandsfélaga

---

### 1. Rýmri heimild til áætlunar tekna séu fullnægjandi gögn ekki lögð fram

Í ljósi þess hve gagnaöflun kann að vera örðug þegar um aflandsfélög er að ræða, sem og vegna mikilvægis þess að gjaldandi leggi sjálfur fram nauðsynleg gögn sem hann hefur í hendi sinni að láta í té, kemur að mati skattrannsóknarstjóra til álita að rýmka heimildir skattyfirvalda til áætlunar tekna í þessum tilvikum.

Einnig er að mati skattrannsóknarstjóra æskilegt að gjaldendum séu settir endanlegir frestir til að leggja fram umkrafin gögn, þannig að ekki sé unnt að tefja mál með því að senda inn á lokastigum þess, jafnvel mörgum árum eftir að skattrannsókn er lokið, ný gögn sem færa málið nánast á byrjunarreit á ný. Er vandséð að réttmætar ástæður geti legið til þess að gjaldendur haldi að sér gögnum með slíkum hætti. Hefur ótakmarkað svigrúm til framlagningar gagna í för með sér möguleika á að gögn séu útbúin eftirá eða þau lögð fram með hliðsjón af því sem best hentar miðað við það sem fyrir liggur að skattrannsókn lokinni.

Kallar á breytingu á m.a. 96. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og eftir atvikum sambærilegum ákvæðum annarra skattalaga.

### 2. Refsiákvæði séu fullnægjandi gögn ekki lögð fram

Í stað þess, eða jafnhliða því að heimildir til áætlunar tekna væru rýmkaðar, sbr. lið 1, kæmi til álita að mati skattrannsóknarstjóra að sett yrði sérstakt refsíákvæði í skattalög er tæki til þeirra tilvika þegar fullnægjandi gögn eru ekki lögð fram af hálfu gjaldenda í kjölfar kröfu skattyfirvalda þar um. Slíkt ákvæði væri annað tveggja almennt og tæki þá til allra þeirra tilvika þar sem gagnaafhendingu er ábótavant, eða til þeirra tilvika sérstaklega er gagnabeiðnir lúta að málum tengdum aflandsfélögum.

Kallar á breytingu á 109. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og eftir atvikum sambærilegum ákvæðum annarra skattalaga.

### 3. Fyrningartími endurákvörðunar lengdur

Að gildandi lögum er fyrningartími endurákvörðunar opinberra gjalda mun styttri en refsíþáttar máls í þeim tilvikum þegar um alvarleg brot er að ræða. Í ljósi þess hve mál tengd aflandsfélögum upplýsast oft seint og á tíðum fyrir tilviljun, auk þess sem erfiðleikar eru við að upplýsa um þau mál, telur skattrannsóknarstjóri að til álita komi að heimild til endurákvörðunar verði lengd í 10 ár frá 6 árum. Samhliða væri fyrningartími minniháttar brota lengdur í 10 ár.

Kallar á breytingu á 97. og 109. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og eftir atvikum sambærilegum ákvæðum annarra skattalaga.

#### **4. Refsiákvæði vegna ráðgjafarþjónustu**

Aðilar sem veita ráðgjöf eða hafa milligöngu um stofnun aflandsfélaga kunna að gildandi lögum að bera refsíabyrgð skv. hlutdeildarákvæði 7. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003, og eftir atvikum III. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Skattrannsóknarstjóri telur koma til álita að sett verði sjálfstætt ákvæði í skattalög er taki til refsíabyrgðar ráðgjafa. Slíkt ákvæði væri þá óháð þeim refsíákvæðum er taka til gjaldendanna sjálfra.

Þeim er veita ráðgjöf skv. 4. mgr. 94. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er skylt að láta skattyfirvöldum í té skrá yfir viðskiptavini sína, að beiðni þar um. Skattrannsóknarstjóri telur koma til álita að ákvæðinu verði breytt á þann veg að aðilum beri að veita skattyfirvöldum upplýsingar um slíka ráðgjöf að eigin frumkvæði beinist hún að ráðgjöf er varðar aflandsfélög, eftir atvikum að viðlögðum refsingum.

Kallar á breytingu á 109. og eftir atvikum 94. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og eftir atvikum sambærilegum ákvæðum annarra skattalaga.

#### **5. Annað**

Skattrannsóknarstjóri telur ýmsar aðrar þær hugmyndir sem fram hafa komið m.a. í fjölmiðlum undanfarnar vikur vera til þess fallnar að auka gagnsæi og styrkja skattframkvæmd. Má þar nefna m.a. kröfu um að upplýst sé um endanlega eigendur í hlutaskrá, reglur um þunna eiginfjármögnun og strangari reglur um eignarhald á aflandsfélögum.

BK 18.04.2016